

Stúdentaráðsfundur 22. júní 2010

5. fundur

Mættir: Jens Fjalar, Gabriella Unnur, Guðrún Sóley, Lilja Dögg, Stefanía, Stefán Þór, Viktor Orri, Stefán, Edda, Kristín, Inga Lára, Sigurður Kári, Margrét, Halla, Aron, Magnús (S).

Gestir: Eva, Jói, Hildur.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerðin er ekki tilbúin.

2. Fréttir af skrifstofu

Jens hefur verið að vinna í endurtektarprófamálum. Er að reyna að fá háskólayfirvöld í lið með sér við að gera endurtektarpróf aftur að meginreglu og hafa á sama tíma og sjúkraprófin. Viljum að endurtektarpróf séu alltaf í boði en þá þurfi að greiða fyrir prófið sem samræmist nýrri “undanþágureglu”. Hann hefur fengið neikvæð viðbrögð frá deildunum. Þetta verður lagt fyrir háskólaráð.

Það er búið að fallast á að séreignalífeyrissparnaður komi ekki inn í tekjuskerðingu hjá LÍN.

Það er verið að starta Buddy-kerfinu, allir stúdentaráðsliðar eiga að hafa buddy.

Það er verið að búa til netföng fyrir nefndir sem fylgir nefndinni á milli ára..

Stefnuskráin er nánast tilbúin, verður kannski höfð lítil samantekt úr henni í Akademiunni.

Stúdentaráðspartý hjá Jens!

3. Ársskýrsla síðasta starfsárs og ársreikningar síðustu þriggja ára

Hildur fer yfir ársskýrslu starfsárs 2009-2010.

Jóhann Már fer yfir ársreikning 2009-2010.

Jóhann Már fer yfir ársreikning 2007-2008, 2008-2009.

Athugasemd: Ástæða þess að fyrst nú er farið yfir ársreikninga 2007-2008 og 2008-2009 er skortur á gögnum frá starfsárinu 2007-2008 og vanræksla við bókhald það ár. Vinna við að leiðrétta þetta hefur farið fram síðan og er nánari athugun á þessu máli vísað til stjórnar.

4. Ritstjóri stúdentablaðsins

Stjórn stúdentaráðs fór yfir umsókn og voru þeir umsækjendur sem sköruðu fram úr kallaðir í viðtal. Stjórnin tók þá ákvörðun að einungis einn frá hverri fylkingu taki þátt í atvinnuviðtali hvers umsækjanda. Niðurstaða ætti að koma föstudaginn 25. júní.

5. Akademía

Búið er að ráða Stefán Rafn í uppsetningu blaðsins. Blaðið verður með svipuðu formi og áður en er þó enn í vinnslu og verið að kanna ýmsar hugmyndir.

Mikilvægt að bæta kynningu og dreifingu svo að sem flestir vita hver tilgangurinn með blaðinu er og hvernig má nálgast það.

6. Hækkun skrásetningargjalda

Háskólaráð sendi menntamálaráðuneyti beiðni um að skrásetningargjöld yrðu hækkuð úr 45.000 í 65.000. Þetta er í “ferli” innan ráðuneytisins. Jens Fjalar hefur skrifað grein um þetta mál sem birt var í Fréttablaðinu. Jafnframt hefur verið sent bréf til Katrínar Jakobsdóttur menntamálaráðherra en hún hefur ekki gefið nein svör. Sigurður Kári gerir athugasemd um að meðfylgjandi tillögu háskólaráðs hafi verið beiðni um að ef að þessi hækkun kæmist til framkvæmda þá ættu gjöldin að vera lánshæf. Sigurður Kári hefur tekið þetta upp í LÍN og fékk þau svör að ómögulegt væri að samþykkja þessa tillögu þar sem kostnaðurinn væri mikill fyrir LÍN. Edda spyr hvort við getum ekki gert athugasemd við þá staðreynd að LÍN láni fyrir skólagjöldum í öðrum skólum þrátt fyrir að andvirði HÍ skráningargjalda sé dregið frá. Jens Fjalar og Gabriella taka undir þetta og Jens Fjalar bendir á að háskólaráð hafi nýverið stungið uppá nýnemagjaldi sem var svo hafnað hjá menntamálaráðuneyti. Við vonumst til þess að á sama grundvelli og því var hafnað verði þessum tillögum hafnað. Stefán spyr hvort það sé boðið uppá einhver úrræði fyrir þá sem sjá ekki fram á að geta greitt þessa upphæð og Gabriella svarar því að svo sér raunar ekki. Sigurður Kári bendir á að ef þú getur sýnt fram á að þú sért mjög illa staddur og eigir ekki fjölskyldu sem geti stutt þig fjárhagslega þá geti háskólinn styrkt þig.

Jens bendir á stærra samhengið sem er að þrátt fyrir hver og ein gjaldhækkun sé ekki mjög há þá eru þær margar og dreifast mjög vítt um kerfið með ýmsum gjöldum, breytingum á prófum o.fl. og þannig muni þetta í heildina hafa mjög mikil og víðtæk áhrif.

a. Niðurskurðarhópur SHÍ

Hópurinn fjallar m.a. um ofangreint skrásetningargjaldamál. Hlutverk hópsins er að “tækla” allar þessar breytingar og mun hópurinn leita leiða til að takmarka niðurskurðinn og að nemendur fái e-ð að segja um hvar og hvernig verður skorið niður.

Sigurður Kári spyr hvort stúdentaráð ætli að taka afstöðu til gjalda eins og inntökuprófsgjalda í læknadeild. Læknanemar eru fylgjandi þessum gjöldum. Jens Fjalar talar um árekstur þess að verja hagsmuni stúdenta og að verja jafnrétti til náms. Halla bendir á að hún vilji ekki að læknánám verði forréttindi hinna ríku. Stefanía segist vera hlynnt þessu gjaldi en spyr hvort að mögulega opni þetta dyr fyrir aðrar deildir að gera slíkt hið sama. Stefán spyr hvort þessi upphæð (15.000) sé í raun einhver þröskuldur fyrir nemendur sem sjá hvort sem er fram á milljóna króna kostnað við nám. Jens Fjalar bendir á að þetta sé upphæð sem framhaldsskólanemar þurfa að reiða fram úr eigin vasa og geta ekki fengið lán fyrir. Lilja Dögg bendir á að þetta sé mál sem við getum rökrætt fram og til baka endalaust en að stúdentaráð þurfi að velja með hverjum þeir vilja taka afstöðu og að einhverstaðar þurfi að draga línuna því að á tímum sem þessum þurfi að samþykkja

einhverskonar gjöld eða niðurskurði. Sigurður Kári bendir á möguleika á því að mismunandi gjaldtaka á milli deilda geti ýtt nemendum í eina eða aðra átt í námsvali. Sigurður Kári leggur til að menntamálaráðuneyti eða einhver önnur stofnun haldi þessi próf og sjái um gjaldtöku fyrir því ef því er að skipta af því að honum þykir rangt að tekin sé gjöld fyrir svona hluti við HÍ. Þannig losnum við undan því að sett sé fordæmi fyrir gjaldtöku við HÍ. Bergþóra bendir á að þessi kostur myndi verða til þess að þá þyrfti ákvarðanataka við breytingar sem þessar að fara í gegnum ráðuneytið og þannig væri það hugsanlega meira ígrundað heldur en að deildirnar geti ákveðið þetta sjálfar. Hún bendir jafnframt á að þá geti deildirnar ekki (eins og þær hafa gert við læknanema) hótad nemendum að ef ekki séu sett gjöld eins og þessi þá muni þessir peningar vera teknir af öðrum stöðum sem komi þá niður á núverandi nemendum. Jens Fjalar spyr nánar út í tillögu Sigga Kára sem tekur undir það sem Bergþóra sagði áðan og segist ekki hafa ígrundað nánar hvernig mætti framkvæma þetta, þ.e. hvort þetta væri e-ð sem við ættum að stinga uppá eða berjast fyrir. Viktor spyr af hverju læknadeildin er svona “sérstök” varðandi inntökugjöld og fjöldatakmörkanir og Jens Fjalar útskýrir að það sé vegna kostnaðar við kennslu. Viktori finnst skrytið að ýta þessu yfir á menntamálaráðuneytið og Siggí Kári útskýrir að það myndi hugsanlega auka samstöðu innan HÍ þar sem þá væri ekki hægt að stilla nemendum eða kennurum upp við vegg.

Umræður um þessi mál halda áfram á þessum nótum og er málinu vísað til stjórnar.

7. Fréttir frá nefndum

Hagsmunanefnd (Guðrún Sóley): Nefndin er að fara að hitta FS þar sem verða rædd mál er varða mótuneyti o.fl.. Afsláttasöfnun er í gangi.

Atvinnulífsnefnd (Stefán): Lítið að gerast þessa dagana: Hafa rætt við náms- og starfsráðgjöf um atvinnumiðlun og eru að kanna ýmis mál fyrir næstu önn.

Menntamálanefnd (Inga Lára): Það hefur lítið gerst síðan námskeiðið var haldið. En almenn undirbúningsvinna í gangi fyrir næstu önn.

Fjölskyldumálanefnd (Edda): fæðingastyrksmálið er það stóra núna en svo er verið að kanna möguleika á námskeiðum næsta vetur. Námskeiðin varða þá íþróttaskólann og tónlistarnámskeið, þ.e. almennt e-ð að gera fyrir börnin. Vilja finna e-ð fyrir eldri krakka og vilja nýta nemendur til kennslu. Edda hefur verið að velta fyrir sér foreldrafimmtudögum þar sem boðið sé upp á ýmis námskeið fyrir foreldra.

Fjármálanefnd (Bergþóra): hafa lítið hist frá prófum. Verið að ræða kynningarmyndband vegna niðurskurðar

Jafnréttisnefnd: eru í miklu samstarfi við hagsmunasamtökin. Eru að plana viðburð í haust þar sem hver samtök verða í haust með eina eða tvær myndir sem fjalla um það sem þau eru að berjast fyrir og síðan verða umræður um það. Nú er að hefjast vinna fyrir jafnréttisáætlun stúdentaráðs.

Alþjóðanefnd (kristín): hafa verið að skoða þýðingar og aðgengi erlendra nemenda. Aðalbjörg Ósk sagði af sér sem formaður vegna anna en Böbbi (Björn Guðmundsson) hefur tekið við.

Gabriella hvetur nefndir til að spýta í lófana.

8. Jafnréttisdagar

Þeir verða 25 september en stangast á við októberfest. Það ætti þó ekki að valda neinum vandræðum þar sem dagskráin er yfir daginn. Það eru fulltrúar úr ýmsum áttum sem standa að þessu saman, m.a. frá mismunandi sviðum og hagsmunasamtökum innan skólans.

Verið er að móta hverjar áherslurnar verða á dögnum og mun sú vinna fara fram innan jafnréttisnefndar og stjórnar.

9. Önnur mál